

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, SKK, EBS, SF, ÓN, KVM, JM).

1. Við bætist þrjár nýjar greinar er verði 1.–3. gr., svohljóðandi:
 - a. (1. gr.)
Á eftir orðunum „við þingsetningu“ í fyrri málslíð 1. mgr. 1. gr. laganna kemur:
að loknum alþingiskosningum.
 - b. (2. gr.)
4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Hluta skal um sæti þingmanna á þingsetningarfundum í upphafi hvers löggjafarþings.
 - c. (3. gr.)
Orðin „skv. 1. mgr. 39. gr.“ í fyrri málslíð 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum „fundir í nefndum“ í 3. mgr. b-liðar komi: eða þingflokkum.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „sbr. þó fyrri málslíð 27. gr.“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: sbr. þó fyrri málslíð 1. mgr. 27. gr.
4. Við 9. gr. Í stað orðanna „sbr. 5. mgr. 55. gr.“ komi: sbr. 6. mgr. 55. gr.
5. Við 12. gr. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:
Um umræður um frumvarp til fjárlaga gildir tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í 80. gr. nema fyrir liggja samkomulag þingflokka um annað fyrirkomulag umræðunnar.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Fyrri málslíður 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Forseti boðar þingfundum og ákveður dagskrá hvers fundar.
7. Við 16. gr. Eftirfarandi breytingar verða á reglum um ræðutíma:
 - a. Í stað orðanna „Ráðherra ... 15 mín., 10 mín., 5 mín.“ í 1. umræðu um lagafrumvörp komi: Aðrir ráðherrar ... 15 mín., 5 mín., 5 mín.
 - b. Í stað orðanna „Ráðherra og flutningsmaður máls ... 30 mín., 15 mín., 5 mín.“ í 2. umræðu um lagafrumvörp komi: Ráðherra og flutningsmaður máls ... 20 mín., 10 mín., 5 mín.
 - c. Í stað orðanna „Aðrir þingmenn ... 15 mín., 5 mín., 5 mín.“ í 2. umræðu um lagafrumvörp komi: Aðrir þingmenn ... 20 mín., 10 mín., 5 mín.